55 23. marz

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Húnavatnssýslu* **um reglur fyrir notkun afrjetta.** — Út af fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að sýslunefndir hafa samkvæmt 39. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, sbr. lög nr. 14, 22. marz f. á., vald til að setja þær reglur um notkun afrjetta, sem þær álíta beztar og hagkvæmastar, að svo miklu leyti sem reglurnar ekki koma í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar, en eru að öðru leyti ekki bundnar við forna venju eða eldri ákvæði.

56 8. apríl

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli til húsabyggingar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 2. þ. m., og eptir beiðni prestsins að Grenjaðarstað, sjera Benedikts Kristjánssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefur lagt meðmæli sín með, vil jeg hjer með veita leyfi til þess, að tjeður prestur taki lán, að upphæð 3000 krónur, handa nefndu prestakalli gegn veði í tekjum þess, úr einhverjum opinberum sjóði, þar sem hann getur fengið það, til þess að byggja á prestssetrinu væna og vandaða baðstofu, portbyggða, 14 álna á lengd og 6 álna á breidd, búr og stofu og 2 stórar portbyggðar skemmur, en þó er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum:

1, að lánið sje að fullu endurborgað í síðasta lagi á 20 árum með 150 kr. á ári, auk vaxta;
2, að hinar umræddu byggingar sjeu gjörðar sama ár og presturinn fær lánið;
3, að húsin verði að öllu traust og vönduð, eptir því sem bezt gjörast byggingar þar í sveit;
4, að presturinn vátryggi húsin gegn eldsvoða, og haldi þeim sífellt í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts;
5, að húsin verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofu, búrs og stofu og 4 skemmuræfla; að presturinn haldi þeim vel við, og að hann eða bú hans svari húsunum á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.
6, að eigi verði meira en helmingur lánsins tekinn út áður en byggingunni er lokið, en hinn helmingurinn þá fyrst, er húsin eru algjörð og sannað er með lögmætri skoðunargjörð og virðingargjörð undir umsjón prófasts, að húsagjörðin sje í alla staði vel af hendi leyst, eptir því sem til er skilið, og að kostnaðurinn og verð húsanna fullkomlega nemi lánsupphæðinni, að viðbættu hæfilegu verði hinna niðurlögðu gömlu húsa með sennilegu álagi.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

57 8. apríl.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli til húsakaupa o. fl.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 9. f. m., og eptir beiðni prestsins að Mosfelli í Grímsnesi, sjera Stepháns Stephensens, er hlutaðeigandi prófastur hefur mælt með, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki lán, sem þó ekki fæst úr landssjóði, handa nefndu prestakalli, að upphæð 750 krónur, gegn veði í tekjum prestakalls-